

Miðvikudaginn 29. júní 1983.

Nr. 89/1980. **Vegagerð ríkisins**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

eigendum Neðra-Dals I og II,

Ingólfi Ingvarssyni

Guðrúnu Auðunsdóttur

Ólafi Helga Auðunssyni

Hafsteini Auðunssyni

Ingigerði Önnu Auðunsdóttur

Hálfadáni Auðunssyni

Jónatan Jakobssyni

Konráði Óskari Auðunssyni

Valdimar Auðunssyni

Kristjönu Kristófersdóttur

dánarbúi Vigdísar Kristófersdóttur

Guðrúnu Geirsdóttur

Láru Leifsdóttur

Hrönn Leifsdóttur og

Auðuni Leifssyni

og gagnsök.

(Unnsteinn Beck hrl.).

Eignarnámsbætur. Vegalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. júní 1980, birtri 28. september 1980. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en til vara, að kröfur þeirra verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum óskipt úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1980 á grundvelli 3. málsg. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefjast þeir þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim

21.435.00 krónur (2.143.500 gkr.) með 13% ársvöxtum frá 25. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1982 og 5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefjast gagnáfrýjendur lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda að mati dómsins ásamt 27% ársvöxtum frá 1. janúar 1980 til 31. október 1982, en 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar, svo sem greinir í aðalkröfu.

I.

Eftir að mál þetta var upphaflega höfðað, eru aðiljarnir Leifur Auðunsson, Margrét Auðunsdóttir, Vigdís Kristófersdóttir og Þorbjörg Kristófersdóttir látnir. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi tóku hlut Þorbjargar að erfðum systur hennar Kristjana og Vigdís Kristófersdætur, en dánarbú Vigdísar er óskipt og hefur tekið við aðild hennar að málinu. Hlutur Leifs Auðunssonar féll að erfðum til ekkju hans og barna, Guðrúnar Geirsdóttur og Láru, Hrannar og Auðunar Leifs barna, og eru þau nú aðiljar að málinu. Eiginmaður Margrétar Auðunsdóttur, Jónatan Jakobsson, hefur hlotið eignarhlut hennar og tekið við aðild hennar að málinu.

II.

Mál þetta fjallar um töku aðaláfrýjanda, Vegagerðar ríkisins, á grjóti og mól úr eignarlandi gagnáfrýjenda á því tímabili, er greinir í héraðsdómi. Aðilja skilur eigi á um, hvert efnismagn hafi verið tekið, svo sem lýst er í héraðsdómi. Miða ber við það, að efnistakan hafi farið fram með heimild í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, áður 24. gr. vegalaga nr. 34/1947, og ber að ákveða bætur samkvæmt ákvæðum X. kafla fyrri laganna, sbr. og IV. kafla síðargreindu laganna.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi fallið frá þeirri málsástæðu, að kröfur gagnáfrýjenda séu fyrndar, og kemur fyrningarviðbáran því eigi til álita í dómi þessum.

Fallist er á úrlausn héraðsdóms um, að gagnáfrýjendur eigi rétt til eignarnámsbóta vegna efnistöku aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi bauð eigi fram fégreiðslu vegna efnistökkunnar. Ákvörðun eignarnámsbóta ber að miða við staðgreiðslu og almennt við það tímamark, er eignarnámsmati lýkur. Svo sem greinir í héraðsómi, þykir viðmiðun matsnefndar eignarnámsbóta eigi fá staðist. Er rétt, eins og hér stendur sérstaklega á, að miða tímamark í þessu efni við uppsögu héraðsdóms, og er þá miðað við, að gagnáfrýjendur eigi rétt á vöxtum frá gjalddögum einstakra bótakrafna. Með vísan til 17. gr. laga nr. 11/1973 og með hliðsjón af gögnum þeim um verðmæti jarðefna, er málið varðar, og enn með vísan til almennra reglna um eignarnámsbætur þykja bætur hæfilega ákveðnar 18.000.00 nýjar krónur með 27% ársvöxtum frá 21. mars 1980 til greiðsludags, en krafa gagnáfrýjenda um hærri vexti kemur eigi til álita, þar sem um hana er eigi gerður áskilnaður í áfrýjunarstefnu.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Vegagerð ríkisins, greiði gagnáfrýjendum, framangreindum eigendum jarðanna Neðra-Dals I og II í Vestur-Eyjafjallahreppi, 18.000.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 21. mars 1980 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 20.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. þ. m., höfðuðu eigendur jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1969, á hendur Vegagerð ríkisins og gerðu þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 80.450.000.00 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar.

Hinn 5. maí 1971 höfðuðu stefnendur framhaldssök og gerðu þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða þeim kr. 88.292.46 auk 8% ársvaxta af kr. 7.776.16 frá 1. janúar 1966, af kr. 42.756.60 frá 1. janúar 1967, af kr. 30.122.70 frá 1. janúar 1969, í öllum tilvikum til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Í framhaldsstefnu var því jafnframt lýst yfir, að krafa stefnenda í aðalastök lækk-

aði í kr. 56.315.00, en krafist var vaxta og málskostnaðar af þeirri fjárhæð sem fyrr.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að hann yrði sýknaður af kröfum stefnenda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins. Til vara var þess krafist, að kröfur stefnenda yrðu stórlega lækkaðar og málskostnaður yrði látinn niður falla.

Dómur var kveðinn upp í málinu 13. desember 1971. Var honum áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar hinn 12. nóvember 1973 var dómur bæjarþingsins ómerktur frá og með þinghaldi 26. júlí 1971 og vísað til meðferðar bæjarþings Reykjavíkur að nýju til meðferðar og dómsálagningar. (Sjá dómasafn Hæstaréttar bindi XLIV, bls. 811).

Stefnendur höfðu á ný framhaldssök í málinu, Eru endanlegar dómkröfur stefnenda þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 2.143.500.00 auk 13% ársvaxta frá 25. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, er sé framreiknuð til 25. apríl 1977, frá því jarðefni þau voru tekin, sem fjallað er um í máli þessu, auk vaxta eins og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað, þar með talinn ferðakostnaður, frá því er rekstur málsins hófst, eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnenda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Frá árinu 1949 hefur Vegagerð ríkisins tekið grjót úr Stampagili í landi jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi til framkvæmda, sem hún hefur haft með höndum. Frá árinu 1959 hefur Vegagerð ríkisins tekið jarðefni úr Fagrafelli í landi sömu jarðar sem ofaniburðarefni. Samkvæmt beiðni vegamálastjóra dómkvaddi sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hinn 24. apríl 1965 tvo menn til að „meta til peningaverðs bætur fyrir landsspjöll vegna efnistöku Vegagerðar ríkisins í svokölluðu Fagrafelli innan jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi.“ Með bréfi, dags. hinn 10. ágúst 1965, óskuðu landeigendur einnig eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta til peningaverðs jarðefni þau, sem tekin höfðu verið, o. fl.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Ásgeirs L. Jónssonar vatnsveitufræðings og Marteins Björnssonar verkfræðings, segir svo:

„Með dómkvaðningu sýslumanns Rangárvallasýslu þann 24. apríl 1965

var okkur undirrituðum falið samkvæmt beiðni vegamálastjóra, dags. 13. okt. 1964, „að meta til peningaverðs bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku Vegagerðar ríkisins í svokölluðu Fagrafelli innan jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi.“

.....

Eftir að haldnir höfðu verið fjórir fundir með málsaðiljum, skrifuðum við sýslumanni Rangárvallasýslu og óskuðum eftir skýringu á því, hvað fælist í orðalagi dómkvaðningarinnar: „bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku.“

Svarið, sem okkur barst, var ný dómkvaðning, kveðin upp í aukadómþingi Rangárvallasýslu 16. ágúst 1965, þar sem okkur að beiðni umboðsmanns landeiganda Neðra-Dals, dags. 10. ágúst 1965, er falið að:

- „1. Mæla svo sem unnt er það magn efnis, sem Vegagerð ríkisins hefur þegar tekið til ofaníbúðar og annarra samgöngubóta úr landi jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi.
2. Meta það magn, sem greinir í 1. tölulið, til peningaverðs.
3. Meta til peningaverðs þau jarðefni, sem Vegagerð ríkisins kann eftirleidis að taka úr nefndu landi til áðurgreindra afnota.“

Samkvæmt okkar skilningi er hér um tvær matsbeiðnir að ræða: Þá fyrri frá Vegagerð ríkisins með eigendur Neðra-Dals sem matsþola, en hina síðari frá eigendum Neðra-Dals með Vegagerð ríkisins sem matsþola.

.....

Samkvæmt beiðni umboðsmanns landeigenda Neðra-Dals (sbr. dómkvaðningu 16. ágúst 1965) mældum við þ. 27. sept. 1965 rúmtak malar- og grjótnáms Vegagerðar ríkisins í Fagrafelli og Stampagili. Samkvæmt þessum mælingum reiknast okkur malarnámið í heild $12700 m^3$, er verður að meðaltali $2540 m^3$ á ári yfir tímabilið 1959 til 1963 að báðum árum meðtöldkvaðningu 16. ágúst 1965) mældum við þ. 27. sept. 1965 rúmtak malar- og tímabilið 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum. Ekki er vitað um hina raunverulegu efnistöku hvert einstakt ár, en líkur eru fyrir því, að hún sé nokkuð misjöfn, og þá sérstaklega hvað grjótnámið áhrærir.

Ágreiningi málsaðila, sem komið hefur fram undir málsmeðferð, um hald sumra ákvæða vegalaga nr. 71/1963 gagnvart stjórnarskrá ríkisins, vísum við frá sem okkar verkefni óviðkomandi.

Þar sem bæði málin, eins og að framan segir, hafa verið sótt og varin sameiginlega, þ. e. sem eitt mál væri, verður hér um þau fjallað sameiginlega, en matskostnaði haldið aðgreindum.

Málsaðilar hafa hvor um sig látið rannsaka sýnishorn af ofaníburðarefni frá Fagrafelli. Niðurstöðum rannsókna ber ekki nákvæmlega saman, sem að sjálfsögðu ber að rekja til mismunandi sýnishorna. Hér ber þó það lítið á milli, að ekki þótti ástæða til að láta óvilhallan fagmann velja sýnishorn til frekari rannsókna. Rannsóknirnar staðfesta sem sé þá reynslu, er þegar hefur fengist, að ofaníburðarefnið úr Fagrafelli er gott bindiefni fyrir haldbetri ofaníburð, s. s. úr Markarfljótsaurum, en vantar slitþol eitt út af fyrir sig. Um þetta virðist ekki vera ágreiningur milli málsaðila.

Umrætt efni þykir ekki henta til annars en vegagerðar og hefur þess vegna ekki markaðsmöguleika á öðru sviði, að því er séð verður. Vegagerð ríkisins, sem annast alla opinbera vegi, er þar með eini notandi þessa efnis. Í einkavegi („heimreiðir“), sem eru mest 200 m að lengd, verður þetta efni ekki sótt langar leiðir.

Á stóru svæði hefur Vegagerð ríkisins ekki aðgang að góðu bindiefni í slitlag veganna nema í Fagrafelli og fáum stöðum öðrum undir Eyjafjöllum. Þetta bindiefni gefur margföldu efnismagni aukið verðmæti, hliðstætt sementi í steinsteypu. Hér er því tvímælalaust um verðmæti að ræða, sem almennt séð virðist ekki sanngjarnt að telja viðkomandi eigendum verðlaust, ef lagabókstafur ekki hamlar.

Efnistakan í Fagrafelli virðist hafa verið úr sem næst gróðurlausu brattlendi. Jarðraskið hefur því ekki valdið teljandi gróðurfarstjóni, og ekki hefur til þessa verið raskað ræktunarhæfu landi í námustæðinu. Hins vegar hafa orðið nokkur lýti á landinu, sem munu vara eitthvað lengur en efnistakan, en síðan lagast mikið af sjálfu sér á fáum árum án aðgerða. Ekki er líklegt, að sjálf malarnáman reynist búfenaði hættuleg eða valdi umferð um landið teljandi óþægindum. Þar sem efnistakan verður hér metin til verðs, þykir ekki rétt að reikna bætur fyrir jarðraskið sérstaklega, en ef svo bæri við, að ófyrirsjáanleg slys yrðu á skepnum í sambandi við námuna, þá verður Vegagerð ríkisins að sjálfsögðu skaðabótaskyld hverju sinni eftir málavöxtum.

Vegurinn að malarnámunni er mikið ágreiningsefni málsaðila. Vegagerð ríkisins telur veginn auka verðmæti Fagrafells, ef nokkurt sé, og þá sérstaklega landsins umhverfis og neðan við fellið. Landeigendur aftur á móti segja veginn vera sér einungis til tjóns, og ráðunautur þeirra, dr. Bjarni Helgason, telur hættu á vaxandi jarðvegseyðingu vegna þessarar vegagerðar.

Vegur þessi liggur á allöngum kafla meðfram fornum lækjarfarvegum, og er þar naumast breytinga að vænta. Að öðru leyti hefur vegagerðin gert skurð eða þælu meðfram veginum, sem á þörtum hefur grafið sig niður á fast, enda er jarðvegur þarna víðast grunnur. Að sjálfsögðu hafa nokkur

landspjöll orðið á gróðurlendinu vegna vegarins, og ekki verður synjað fyrir, að þau kunni að aukast.

Í niðurlagi 59. gr. gildandi vegalaga stendur svo: „Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.“ Samkvæmt þessu lagafyrirmæli eiga landeigendur að vera tryggðir gegn landskemmdum, s. s. uppöblæstri, eins og verða kann á hverjum tíma. Hér kemur því ekki til mála að meta aðrar skemmdir en þegar eru orðnar.

Þá kemur til álíta, hvort vegurinn sé til nokkurs gagns fyrir landeigendur. Til þess að malarnáman nýtist, þarf veg. Sá vegarkostnaður gerir malartökuna óhagstæðari, það er: lækkar malarverðið, miðað við að vegarins hefði ekki þurft með.

Bréf Ingólfs Ingvarssonar (málsskjal nr. 9) upplýsir, að hann hefur hafið ræktun við rætur Fagrafells og lagt veg að fjárhúsi, sem er þar skammt frá, áður en Vegagerð ríkisins hóf grjót- og malarnám á þessum slóðum. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Verður því að álíta, að eigendur Neðra-Dals hafi verið búnir að fullnægja sinni búspörf fyrir veg á þessum stað um ófyrirsjáanlegan tíma. Hins vegar mun Vegagerð ríkisins halda veginum við, og er réttmætt að taka tillit til þess.

Þar sem grjótnámið er, virðist yfirborð jarðar hafa verið lítt grónir flagmóar, að því er séð verður, sem sé magur jarðvegur, en væntanlega ræktanlegur.

Um grjótnámið er svipað að segja og um malarnámið. Grjótið hefur einungis verið notað af því opinbera til styrktar vatnsvarnargörðum á vatnsvæði Markarfljóts. Það er dýrt í vinnslu og því ólíkleg söluvara til annarra afnota en verið hefur. Eins og fyrr segir, reiknast okkur grjóttakan nema alls 11300 m³, eða að meðaltali um 700 m³ á ári yfir tímabilið 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum.

Niðurstöður.

Sambærilega hliðstæðu, er nota megi sem fyrirmynd að mati þessu, hefur hvorugur málsaðili bent á, og matsmönnum hefur heldur ekki tekist að afla þeirra. Hér verður því tiltækilegast að hafa hliðsjón af landverði jarða og meta landeigendum tiltölulega ríflega þóknun fyrir efnistöku eftir þeirri sígildu reglu, að einstaklingar, sem færa verða fórn fyrir þjóðfélagið eða hið opinbera, fái eftir málavöxtum hluta sinn ríflega greiddan, án þess að um auðgunarfyrirbæri sé að ræða.

Á þessum forsendum þykir rétt að meta:

malarnámið á kr. 2.00 rúmmetrann og
grjótnámið á kr. 1.50 rúmmetrann.

Mat þetta miðast við árið 1964. Þurfi matið að grípa aftur í tímann, er rétt að haggja því í samræmi við verðgildi krónunnar. Hið sama gildir um framtíðina frá árinu 1964 að telja, nema ef nýtt viðhorf skapast vegna óvænts markaðar á mól og grjóti, sem réttlætir endurskoðun á máli þessu.“

Með bréfi, dags. hinn 24. janúar 1967, fór vegamálastjórinn fram á það við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, að dómkvaddir yrðu þrír menn til að framkvæma yfirmat. Í matsgerð hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, Árna Jónassonar bónda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns og Ögmundar Jónssonar verkfræðings, sem dagsett er hinn 5. júlí 1968, segir svo:

„Eins og fram kemur hér á undan, leggur Vegagerð ríkisins áherslu á það, að yfirmatsgerðin verði sundurliðuð vegna fyrningar, enda viðurkenni Vegagerðin aðeins skaðabótakröfur, er fram komi innan árs, frá því að efnistaka er framkvæmd, samanb. 63. gr. vegalaga nr. 71 frá 1963. Einnig óskar Vegagerðin sérstaklega eftir sundurliðun á efnistöku í Stampagili, þar sem Vegagerðin telur sig hafa haft fullt samþykki landeigenda fyrir grjótnáminu þar fram að þeim tíma, er matsbeiðnin kom fram. Lögmaður matsþola bendir hins vegar á, að ekki sé mögulegt að sundurliða efnistöku með hliðsjón af fyrningu, þar sem Vegamálastjórnin hafi ekki hirt um að tilgreina, hve mikið hefur verið tekið af efni eða hve mikið jarðrask hefur farið fram ár hvert, frá því að takan og jarðraskið byrjuðu. Það sé þannig sök starfsmanna ríkisins, að ekki sé hægt að fullnægja kröfum þeim um sundurliðun í sambandi við fyrningu, sem Vegagerðin fari nú fram á. Auk þess mótmælir lögmaðurinn, að 63. gr. vegalaga eigi hér við, bæði vegna þess að hún sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár Íslands um friðhelgi eignarréttarins, og einnig vegna þess, að enginn viti, hvenær hluti krafna matsþola kann að vera fyrndur, þótt fyrning í þessu falli hefði við rök að styðjast. Einnig mótmælir lögmaður matsþola, að samþykki landeigenda hafi legið til töku efnisins úr Stampagili, og telur engar sannanir liggja fyrir um það í málinu, að slíkt samþykki hafi nokkru sinni verið gefið. Og þótt Auðunn í Dalseli kunni að hafa gefið slíkt samþykki, þá muni hann sjálfur að sjálf-sögðu hafa gert það í þeirri fullu vissu, að séð mundi verða fyrir greiðslu til hans fyrir efni það, sem Vegagerðin kynni að taka úr landinu.

Í matsgerð undirmatsmanna er tekið fram, að ekki sé vitað um hina raunverulegu efnistöku hvert einstakt ár, en líkur séu fyrir því, að hún sé nokkuð misjöfn og þá sérstaklega að því er grjótnámið áhrærir. Ekki hefur þetta atriði verið upplýst frekar fyrir yfirmatsmönnnum en var gert fyrir undirmatsmönnnum. Yfirmatsmenn líta svo á, að ekki sé unnt að taka kröfu Vegagerðarinnar um sundurliðun vegna fyrningar til greina, enda óupplýst með öllu í máli þessu, hvenær efnistaka sú var framkvæmd, sem hér um ræðir. Gegn mótmælum matsþola er það einnig ósannað í málinu, að Vega-gerðin hafi haft samþykki landeigenda til töku efnisins úr Stampagili og

ósannað, að slík efnistaka mætti fara fram um ótiltekinn tíma ókeypis. Samkvæmt þessu munu yfirmatsmenn líta á kröfur matsþola í máli þessu sem ófyrndar, er matsbeiðnin kom fram, og framkvæma matið á þeim grundvelli.

Þá hefur Vegagerð ríkisins óskað sérstaklega eftir því, að fullkomlega væri aðgreint milli tjóns vegna landsjalla og jarðrasks annars vegar og verðmætis efnisins hins vegar. Yfirmatsmenn líta svo á, að allri efnistöku eins og þeirri, sem hér um ræðir, fylgi óhjákvæmilegt jarðrask. Efnistakan í Fagrafelli og Stampagili hefur verið gerð úr gróðurlitlu landi. Efnistaka þessi hefur því ekki enn sem komið er valdið tjóni á ræktuðu landi eða ræktunarhæfu landi. Samkvæmt þessu munu yfirmatsmenn í þessari matsgerð meta verðmæti efnisins, sem tekið hefur verið úr Fagrafelli og Stampagili, en ekki meta matsþola sérstaklega bætur fyrir jarðrask það, sem efnistökuinni fylgir.

Að því er varðar afleggjara þann að malarnámunni, sem Vegagerðin hefur látið gera, þá líta yfirmatsmenn svo á, að vegur þessi sé óhjákvæmilegur vegna umræddrar efnistöku. Ekki er sjáanlegt, að vegur þessi komi landeigendum að nokkru gagni, og verður því kostnaður við vegagerð þessa ekki látinn hafa áhrif á úrslit málsins.

Með hliðsjón af framangreindu verður kostnaður vegna mats í einstökum liðum ekki sundurgreindur. Yfirmatsmenn líta svo á, að efni það, sem hér um ræðir í Stampagili og Fagrafelli, sé eignarrétti undirorpið í merkingu stjórnarskrárinnar og þurfi matsþoli því ekki að sætta sig við það, að það sé tekið bótafast. Ekki verði heldur fullyrt, að efni þetta sé eða verði verðlaust um alla framtíð.

Viðurkennt er í máli þessu, að á svæðinu umhverfis Markarfljót í Rangárvallasýslu sé gnægð af sterkri blágrýtismöl, sem hafi mikinn slitstyrkleika og sé því hentug sem ofaníbúðarefni, en skorti hins vegar tilfinnanlega bindiefni. Efni það, sem tekið hefir verið úr Fagrafelli, hentar vel sem bindiefni í hinni sterku blágrýtismöl á þessu svæði og gefur góða áferð. Yfirmatsmenn hafa ekið eftir og skoðað veg þann, sem bindiefni þetta er notað í, og er hann að þeirra áliti betri en hann annars mundi vera, eins og nærliggjandi vegir sýna, því bindiefnið treðst ágætlega, og lítið virðist rjúka úr því. Auk þess sem vegur þessi er þannig betri en hann annars mundi vera, ef bindiefni þetta væri ekki notað, þá er einnig líklegt, að viðhaldskostnaður hans verði minni en ella.

Nærtækt efni, sem hefir mikinn slitstyrkleika, er þannig hægt að nota, ef efninu úr Fagrafelli er blandað saman við það.

Ef efni þetta væri ekki fyrir hendi, yrði að flytja allan ofaníbúrd mun lengra að eða kosta til vinnslu á efni til þess að fá álíka gott slitlag á veginn

og nú fæst með notkun efnisins úr Fagrafelli. Notkun þessa efnis sparar því flutningskostnað eða vinnslukostnað.

Þegar virt eru þau atriði, sem rakin hafa verið hér að framan og sú vitneskja, sem yfirmatsmenn hafa um greiðslur fyrir jarðefni annars staðar, þá telja yfirmatsmenn hæfilegt að meta móbergið í Fagrafelli á kr. 5.00 pr. m³, og miðast það mat við árið 1967 og meðalbyggingarvísitölu þess árs, sem er 2888. Samkvæmt meðalbyggingarvísitölu ársins 1966 er fjárhæðin þá kr. 4.70 pr. m³ það ár, kr. 3.94 pr. m³ árið 1965 og kr. 3.50 pr. m³ 1964.

Með hliðsjón af því, sem við á af framangreindu, telja yfirmatsmenn hæfilegt að meta grjótið úr Stampagili á kr. 1.50 pr. m³, og er þá einnig miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins 1967. Samkvæmt því yrði rúm-metrinn 1966 kr. 1.41, árið 1965 kr. 1.18 og árið 1964 kr. 1.05.

Yfirmatsmenn hafa hér að framan miðað við byggingarvísitölu, enda telja þeir hana réttastan mælikvarða á verðlagsbreytingar á þessu sviði. Samkvæmt því telja yfirmatsmenn rétt, að verð á framangreindum jarðefnum hækki eða lækki í framtíðinni með hliðsjón af byggingarvísitölu á hverjum tíma. Sama gildir um verð á efni því, sem tekið hefir verið fyrir 1964.

Umboðsmenn beggja aðila hafa tekið fram, að þeir óski ekki eftir nýjum mælingum á magni þess efnis, sem Vegagerð ríkisins hefir tekið úr landi jarðarinnar Neðra-Dals.

Umboðsmaður matsþola (eigenda Neðra-Dals) hefir krafist þóknunar til sín vegna hagsmunagæslu við matið.

Þar sem matsþolandi á samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar að fá fullar bætur fyrir eign sína, sbr. og 59. gr. vegalaga, 1. mgr., ber Vegagerð ríkisins að greiða allan kostnað af yfirmatinu, þ. á m. þóknun til umboðsmanns matsþolanda, er ákveðst kr. 12.000.00, og þóknun yfirmatsmanna.“

Hinn 23. apríl 1970 framkvæmdi matsmaðurinn Ögmundur Jónsson að beiðni lögmanns stefnanda útreikning á verðmæti malar og grjóts, sem tekið var fram til ársins 1965 og á árunum 1965 - 1969 að báðum árunum meðtöldum. Um grundvöll útreikningsins og nánari sundurliðun hans segir svo í bréfi verkfræðingsins.

„Einingarverðin eru skv. yfirmati okkar Árna Jónassonar, bónda, Egils Sigurgeirssonar, hrl., og undirritaðs, dags. 5. júlí 1968. Matsverðið er breytilegt og fylgir meðalbyggingarvísitölu hvers árs, sjá bls. 12 í yfirmatsgjörðinni. Þar eru einingarverðin tilgreind fyrir árin 1964 - 1967. Á sama grundvelli reiknast einingarverðin: Möl (móberg) 5.55 kr. pr. m³ 1968, 6.83 kr. pr. m³ 1969, grjót 1.66 kr. pr. m³ 1968, 2.05 kr. pr. m³ 1969.

Magnstölur eru skv. bréfum frá Vegagerð ríkisins, dags. 19.1. og 21.1. s.l. Ljósrit bréfanna hef ég fengið í hendur.

Möl (móberg):

1965	1764 m ³ á kr. 3.94 = kr.	6.950.16
1966	8396 m ³ á kr. 4.85 = kr.	40.720.60
1967		
1968	0 m ³ á kr. 5.55 = kr.	0.00
1969	3690 m ³ á kr. 6.83 = kr.	25.202.70

Grjót:

1965	700 m ³ á kr. 1.18 = kr.	826.00
1966	700 m ³ á kr. 1.41 = kr.	987.00
1967	700 m ³ á kr. 1.50 = kr.	1.050.00
1968	4600 m ³ á kr. 1.66 = kr.	7.636.00
1969	2400 m ³ á kr. 2.05 = kr.	4.920.00

Þar sem magn malartöku er gefið upp samanlagt fyrir árin 1966 og 1967, er valið meðalverð þessara ára, kr. 4.85 pr. m³, þ. e. gert er ráð fyrir sama magni hvort árið.

Auk þessa hafið þér óskað eftir því, að reiknað væri verðmæti malar (móbergs) og grjóts, sem tekið var, áður en undirmatið fór fram, og á því verði, er yfirmatið metur fyrir árið 1964. Undirmatsmenn mældu magnið, og hafið þér tjáð mér það símleiðis. Ég tek enga afstöðu til verðlagningarinnar.

Möl:

12700 m³ á kr. 3.50 = kr. 44.450.00

Grjót:

11300 m³ á kr. 1.05 = kr. 11.865.00.“

Með bréfi, dags. 9. apríl 1974, vísaði lögmaður stefnanda málinu til matsnefndar eignarnámsbóta skv. 2. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Úrskurður matsnefndarinnar gekk 1. maí 1976, og er hann svohljóðandi:

„I.

Málavextir eru þeir, að frá árinu 1949 hefur Vegagerð ríkisins tekið blágrýti úr svonefndu Stampagili í landi Neðra-Dals I og II í Vestur-Eyjafjallahreppi til framkvæmda, sem hún hefur haft með höndum, og frá árinu 1959 hefur Vegagerðin tekið efni úr Fagrafelli í landi sömu jarða sem ofan-

íburðarefni í Suðurlandsveg. Hvort tveggja efnið er tekið úr óskiptu landi jarðanna.

Ekki hefur Vegagerðin greitt landeigendum neitt fyrir efnistöku þessa, og er því raunar haldið fram af hennar hálfu, að samþykki landeigenda hafi legið fyrir til efnistöku allt fram til ársins 1964, að krafa kom fram um bætur vegna malartöku í Fagrafelli, og til ársins 1965, að krafist var mats á grjótnámunni í Stampagili.

Landeigendur mótmæla því, að um nokkra slíka heimild hafi verið að ræða eða svo mikið sé víst, að ekki hafi legið fyrir samþykki fyrir efnistöku á án endurgjalds.

Með því að ekki tókust samningar milli aðila um bótagreiðslur vegna efnistökkunnar, voru dómkvaddir matsmenn hinn 24. apríl 1965, og kváðu þeir upp matsgerð sína 28. desember 1966. Ekki vildu aðilar una mati þeirra, og hinn 27. febrúar 1967 voru dómvaddir yfirmatsmenn, sem kváðu upp úrskurð hinn 5. júlí 1968.

Vegagerð ríkisins vildi ekki una yfirmatinu, og höfðu landeigendur þá mál til heimtu bóta á grundvelli þess með stefnu, útgefni 18. nóvember 1969. Dómur gekk í héraði 13. desember 1971. Áfrýjunarstefna til Hæstaréttar var gefin út 7. febrúar 1972 og gagnáfrýjunarstefna 21. febrúar 1972. Með dómi Hæstaréttar 12. nóvember 1973 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað á ný.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1974, óskað Sveinbjörn Jónsson, hrl., eftir því f. h. umbjóðenda sinna, eigenda Neðra-Dals I og II, að metnar yrðu eignarnámsmati bætur úr hendi Vegagerðar ríkisins vegna efnistökkunnar með vísan til dóms Hæstaréttar frá 12. nóvember 1973 og 10. gr. laga nr. 11/1973.

II.

Eignarnámsheimildina fyrir töku þessara jarðefna er að finna í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, sbr. 1. nr. 23/1970, sbr. 1. nr. 80/1973, sbr. nú 1. nr. 66/1975. Gegn mótmælum eignarnámsþola verður ekki talið, að samþykki þeirra hafi legið fyrir um heimild til handa eignarnema til töku jarðefna án bóta.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það, hve mikið magn var tekið af grjóti árlega á árunum 1949 til 1964 né af mól á árunum 1959 til 1963, en árið 1964 mun ekki hafa verið tekin mól úr Fagrafelli. Undirmatsmennirnir Ásgeir L. Jónsson og Marteinn Björnsson framkvæmdu mælingu á rúmtaki námanna 27. september 1965, og varð niðurstaða þeirra, að malarnámið væri í heild 12.700 m³ eða teknir hefðu verið að meðaltali 2.540 m³ á árunum 1959 til 1963, en grjótnámið mældist 11.300 m³ eða um 700 m³ á árinu að jafnaði á árunum 1949 til 1964. Þessum tölum hefur ekki verið mótmælt

af aðilum, og engin tök eru á að staðreyna þær frekar nú, og þykir því verða að leggja þær til grundvallar. Hins vegar liggja fyrir tölur frá eignarnema um efnistöku á árunum 1965 til 1969, og eru þær sem hér segir:

Malartaka úr Fagrafelli 1965	1.764 m ³
1966 - 1967	8.396 m ³
1968	0 m ³
1969	3.690 m ³
Samtals	<u>13.850 m³</u>
Grjótnám úr Stampagili 1965	700 m ³
1966	700 m ³
1967	700 m ³
1968	4.600 m ³
1969	2.400 m ³
Samtals	<u>9.100 m³</u>

Tölur þessar hafa ekki verið véfengdar, og verður því á þeim byggt.

Um notkun efnisins liggur það fyrir, að blágrýtið úr Stampagili var notað til gerðar varnargarða við Markarfljót, en mölin úr Fagrafelli notuð til ofaniburðar í Suðurlandsveg og þá blönduð saman við grófari mól af Markarfljótsaurum. Óumdeilt virðist vera, að mölin úr Fagrafelli hentar vel til þessara nota vegna bindieiginleika sinna, þótt hún ein sér henti miður til ofaniburðar vegna lítills slitþols.

Af hálfu eignarnámsþola er því haldið fram, að verðgildi efnisins, sem tekið hefur verið, sé hátt. Að því er mölina varðar sé hún ómissandi fyrir vegagerðina, svo sem hér standi á, og aðstaða til efnistökkunnar sérstaklega þægileg. Móbergshlíðarnar undir Vestur-Eyjafjöllum séu fyrsta móbergið á Suðurlandsvegi, sem sé auðsótt til vegagerðar. Þá telja þeir, að það eigi ekki að valda lækkun á bótum vegna þessa efnis, þótt ekki sé sýnt, að það hafi almennt markaðsverð, þar sem það stafi af einkarétti eignarnema til vegagerðar, auk þess sem óreynt sé, hvort ekki væri unnt að selja efnið einkaaðilum til vegagerðar utan þjóðvegakerfisins. Þá benda þeir á, að markaður sé fyrir blágrýti til legsteinagerðar.

Enn fremur telja eignarnámsþolar, að þeir hafi orðið fyrir beinu tjóni vegna afnotamissis af landi því, þar sem námurnar eru, og þá fyrst og fremst vegna missis beitar.

Loks benda eignarnámsþolar á, að samningar þeir, sem lagðir hafa verið fram í málinu um efnistöku eignarnema annars staðar, alls 102 talsins, sýni,

að hann telji sér skylt að greiða fyrir efni, sem hann notar og tekið er í byggð, enda sé annað andstætt öllum reglum og í hlutarins eðli.

Af hálfu eignarnema er því haldið fram, að engar bætur eigi að greiða vegna efnistökkunnar. Komi þar fyrst til, að efnið hafi ekkert sölugildi á almennum markaði, enda sé eignarnemi sá eini, sem geti hagnýtt sér það, og sé efnið því í reynd einskis virði og jafnvel þótt talið væri, að einhverjir markaðsmöguleikar væru fyrir efnið, þá sé magn þess nánast óþrjótandi.

Þá er því mótmælt, að hagræði eignarnema af efnistöku á þessum stað eigi að orka á bótafjárhæð, heldur eigi að leggja tjón landeigenda til grundvallar, en það sé í raun ekkert, því landið, þar sem efnistaka fer fram, sé að mestu ógróið og alveg óræktanlegt.

Þá telur eignarnemi, að verði talið, að eignarnámsþolar eigi rétt til bóta vegna efnistökkunnar, eigi kostnaður vegna vegagerðar að námunni í Fagrafelli að dragast frá bótum. Eignarnemi lagði veg þennan árið 1958 og telur kostnað hafa verið kr. 78.500.00 á verðlagi þess árs.

III.

Matsnefndin hefur farið á vettvang ásamt umboðsmönnum aðila og nokkrum eigendum Neðra-Dals. Skoðuð voru ummerki í Stampagili og efnisnáman í Fagrafelli, svo og var næsta nágrenni námunnar skoðað. Einnig var vegurinn að námunni skoðaður, farið var á varnargarð við Markarfljót, og loks fóru matsnefndarmenn heim í Neðra-Dal og skoðuðu ummerki vegna efnistökkunnar þaðan séð.

Munnlegur málf lutningur í máli þessu fór fram 13. nóvember 1975. Leit að var um sættir með aðilum, en árangurslaust.

Eignarnámsheimildina er að finna í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, sbr. 1. nr. 23/1970, sbr. 1. nr. 80/1973 og nú 1. nr. 66/1975. Ber að meta til fébóta efnistöku, sem eignarnemi hefur látið fara fram á árunum 1949 til 1969 úr landi Neðra-Dals I og II, svo og landspjöll og jarðrask vegna þessa.

Í 59. gr. vegalaga segir, að hver landeigandi sé skyldur til að láta af hendi land það, er þurfi undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og að leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur sé grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skuli því aðeins greiddar, að þeirra sé krafist og álitíð verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Svo sem fyrr segir, telur eignarnemi, að nokkur hluti af kröfu eignarnámsþola sé niður fallinn fyrir fyrningu. Matsnefndin telur það vera utan við verksvið sitt að taka afstöðu til þessa álítaefnis, en telur rétt að sundurliða niðurstöður sínar með tilliti til þessarar kröfugerðar, þannig að sérstaklega sé tekin afstaða til malartekju til og með árinu 1962, en bótakrafa mun hafa komið fram vorið 1964, en bætur vegna grjótnáms til og með

árinu 1963 séu metnar sérstaklega, en beiðni um mat kom fram 24. apríl 1965. Er á því byggt, að efnistaka hafi farið fram á sumrin. Lagt er til grundvallar, að malartekja árin 1959 til 1962 að báðum árum meðtöldum hafi numið samtals 10.160 m³, en grjótnám árin 1949 til 1963 að báðum árum meðtöldum samtals 10.500 m³.

Þá kemur til álita, hvort landeigendur eigi rétt til endurgjalds fyrir það efni, sem tekið hefur verið úr landi þeirra af eignarnema, eða hvort efni þetta sé verðlaust.

Að því er mölina varðar verður að telja upplýst, að hún sé hentugt vegagerðarefni, svo sem hún er notuð og hafi þar með í eðli sínu verðgildi, þótt ekki hafi verið sýnt fram á, að um aðra kaupendur sé að ræða nú en eignarnema. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt svipað efni megi finna annars staðar í grennd. Sýnist þetta efni ekki í eðli sínu frábrugðið öðru vegagerðarefni, sem tekið er í byggð víðsvegar um landið, þótt það sé að vísu talið óhæft sem steypuefni. Hins vegar er á það að líta, að við mat á verðgildi efnisins, að eignarnemi þurfti að gera sérstakan veg að nám- unni til hagnýtingar hennar.

Af hálfu eignarnámsþola hefur verið bent á sérstaklega, að markaður sé fyrir blágrýti til legsteinagerðar. Ekki hefur þó verið sýnt fram á, að náman í Stampagili henti til þessara nota, og ekkert efni hefur þannig verið selt úr henni. Þótt einhver hluti efnisins hentaði til legsteinagerðar, er markaður lítill. Allt að einu verður að telja, að um sé að ræða jarðefni, sem hefur verðgildi til mannvirkjagerðar og eignarnámsþolar eigi því að fá bætt.

Þegar tekið hefur verið tillit til framangreindra atriða, verðs á sambærilegu efni víðs vegar um land svo og þeirra breytinga á verðlagi, sem matsnefndin álitur, að hér eigi að skipta máli, telur hún, að verðmæti efnisins sé hæfilega metið sem hér segir:

Malartekja 1963 og fyrr kr. 18.000.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964, þar af vegna malar, sem tekin var 1963, kr. 3.000.00.

Grjótnám 1963 og fyrr kr. 13.000.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964.

Malartekja 1965 - 1969 að báðum árum meðtöldum kr. 37.500.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Grjótnám 1964 - 1969 að báðum árum meðtöldum kr. 25.000.00, miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Þá kemur til álita, hvort matsbeiðendur kunni að eiga sérstakan rétt til bóta fyrir jarðrask og landspjöll.

Malarnám í Fagrafelli er í brattri skriðu, lítt gróinni þar sem náman er. Gróður er heldur ekki mikill í Stampagili. Þau afnot, sem tapast hafa af landi þessu, eru lítils háttar beitarafnot. Sýnast ekki efni til að meta landeig-

endum bætur vegna þessa sérstaklega, þar sem fjárhagstjón þeirra vegna þessa virðist hverfandi lítið, enda bætur metnar vegna efnistökkunnar.

Þá greinir aðila á um það, hvort kostnaður við vegalagningu þá, sem eignarnemi framkvæmdi að námunni, eigi að dragast frá bótum. Eignarnemi telur, að vegurinn auki verðmæti landsins og eigi kostnaðurinn því að koma til frádráttar bótum.

Eignarnámsþolar halda því hins vegar fram, að vegagerð þessi hafi verið þeim til einskis gagns, enda hafi þegar verið lagður vegur um landið á þessum stað, sem fullnægt hafi þörfum þeirra. Þvert á móti hafi hin nýja vegagerð enn aukið á landsþjöll vegna efnistökkunnar, og hafa þeir krafist þess, að landinu verði komið í sama horf og var fyrir vegalagninguna.

Vegagerð þessi, sem er um 750 m. langur vegur frá Þjóðvegi að malar-námunni, var framkvæmd án alls samráðs við landeigendur. Vegurinn var að hluta lagður ofan á eldri vegarslóða, og verður að telja, að landeigendur hafi ekki slíkt hagræði af vegagerð þessari til eigin nota, að hann hafi aukið verðgildi landsins sem slíks, og verður því ekki fallist á þessa kröfu eignar-nema.

Rétt þykir samkvæmt 11. gr. laga nr. 11/1973, að eignarnemi greiði eignarnámsþolum fyrir lögfræðilega aðstoð við matsmálið kr. 50.000.00.

Þá er rétt, að eignarnemi greiði til Ríkissjóðs samkvæmt 11. gr. sömu laga kostnað af starfi matsnefndar kr. 155.000.00.

Úrskurð þennan hafa kveðið upp þeir Jóhannes L. L. Helgason, hrl., varaformaður nefndarinnar, og matsmennirnir Guðmundur Magnússon, prófessor, og Ragnar Ingimarsson, prófessor, sem varaformaður hefur kvatt til meðferðar þessa máls samkvæmt 2. gr. laga nr. 11/1973.

M A T S O R Ð:

Verðmæti jarðefna, sem eignarnemi, Vegagerð ríkisins, hefur tekið úr landi Neðra-Dals I og II á árunum 1949 - 1969 að báðum meðtöldum, telst hæfilega metið sem hér segir:

Malartekja árið 1963 og fyrr kr. 18.000.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964, þar af kr. 3.000.00 vegna efnistöku 1963.

Malartaka árið 1965 - 1969 að báðum meðtöldum kr. 37.500.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Grjótnám árið 1963 og fyrr kr. 13.000.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1964.

Grjótnám árin 1964 - 1969 að báðum meðtöldum kr. 25.000.00 miðað við staðgreiðslu 1. janúar 1970.

Eignarnemi greiði eignarnámsþolum kr. 50.000.00 í málskostnað.

Eignarnemi greiði til Ríkissjóðs kostnað af starfi matsnefndar kr. 155.000.00.“

Eru endanlegar dómkröfur stefnenda sundurliðaðar þannig:

I. Mól:

Malartaka frá 1949 - 1964.

Rúmmetrar 12700, er miðað við einingarverð kr. 50.00 pr. rúmm. kr. 635.000.00

Malartaka 1965 - 1970.

Rúmmetrar 13850, er miðað við einingarverð kr. 50.00 pr. rúmm. kr. 692.500.00

Samtals

 kr. 1.327.500.00

II. Grjót:

Grjóttaka frá 1949 - 1964,

rúmmetrar 11300, miðað við einingarverð kr. 40.00 pr. rúmm. kr. 452.000.00

Grjóttaka 1965 - 1970,

rúmmetrar 9.100, en miðað við einingarverð kr. 40.00 pr. rúmm. kr. 364.000.00

Samtals

 kr. 816.000.00

Samtals nemur krafa vegna malartöku og grjóttöku fyrir ofangreint tímabil því kr. 2.143.500.00.

Af hálfu stefnenda er greiðsluskylda stefnda byggð á því, að efnistaka stefnda úr landi jarðarinnar Neðra-Dals hafi verið algerlega án leyfis landeigenda og hafi stefndi ekki tilkynnt landeigendum töku jarðefnanna. Samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem fram komi í 67. gr. stjórnarskrárinnar, beri stefnda að greiða bætur fyrir töku efnis í landi stefnenda og jarðrask, sem af henni leiði. Þá er því haldið fram, að reglur vegalaga um fyrningu krafna sem þessara fái ekki staðist að lögum, þar sem þær brjóti í bága við grundvallarreglu 67. gr. stjórnarskrárinnar. Er því einnig haldið fram, að líta beri svo á, að með töku jarðefnanna um langt árabíll hafi farið fram óslitin viðskipti aðiljanna og því sé ekki neinn hluti kröfu stefnenda fyrndur. Er því haldið fram í þessu sambandi, að á stefnda hvíli algerlega sönnunarbyrði um atriði, er fyrning verði byggð á. Beri í því sambandi að taka tillit til þess, að stefndi hafi ekki tilkynnt eigendum jarðarinnar töku jarðefnanna og hafi ekki gert þeim grein fyrir magni því, sem tekið var frá ári til árs. Er því og mótmælt, að landeigendur hafi gefið samþykki sitt fyrir töku jarðefnanna.

Fjárhæð endanlegrar kórufgerðar stefnenda í málinu er byggð á því, að niðurstaða matsnefndar um eignarnámsbætur verði ekki lögð til grundvallar í máli þessu, þar sem nefndin hafi ekki gætt rétttra sjónarmiða við ákvörðun bóta, enda sé ljóst af gögnum, sem fram hafa komið í málinu, að fjárhæð dómkröfu stefnenda sé eðlilegar og sanngjarnar bætur. Sé það á valdi dómsins samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 11/1973 að taka þá kröfu til greina. Af gögnum þessum komi fram, að algengasta verð á jarðefnum eins og þeim, sem fjallað er um í máli þessu, sé kr. 40.00 - 60.00 fyrir hvern rúmmetra efnis. Beri að taka tillit til þess, að mól sú, sem tekin var í landi stefnenda til ofaniburðar í vegi, sé sérstaklega góð til þeirra nota, þar sem hún bindist sérstaklega vel öðrum jarðefnum í veginum og skapi sérstaklega gott yfirborð, sem endist vel. Þá sé mölin gott fyllingar-efni. Jarðefni þetta sé fyllilega sambærilegt við slík jarðefni annars staðar á landinu og jafnvel betra. Af hálfu stefnenda er því mótmælt, að vegarframkvæmdir, sem stefndi hafi lagt í til að komast að námunum, þar sem mölin og grjótið er tekið, hafi nokkra þýðingu fyrir þá, og eigi þær framkvæmdir því ekki að leiða til lækkunar bóta.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að síðari málsliður 1. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, sem í gildi voru, þegar sú efnistaka fór fram, sem fjallað er um í máli þessu, og samhljóða ákvæði í yngri lögum leiði til þess, að menn verði að þola bótalaust jarðrask og eignarnám á óyrktu landi sínu, nema sýnt sé fram á og sannað, að þeir verði fyrir beinu tjóni, svo sem um sé að ræða skemmdir á ræktunarhæfu grónu landi eða beitilandi eða um sé að ræða töku jarðefnis, sem aðeins sé til í takmörkuðu magni á markaðssvæði. Þessi almenna takmörkun eignarréttar hafi verið í vegalögum frá fyrstu tíð, sbr. lög nr. 25/1887 um vegi, en það hafi verið gert ráð fyrir, að bætur ættu einungis að koma til, ef efni í vegi væri tekið, svo að til skaða væri fyrir landeigenda. Grundvöllur þessarar takmörkunar eignarréttar sé ljóslega sá, að bættar samgöngur á landi séu vafalaust allra hagur og til þess að auðvelda slíkar framkvæmdir séu með lögum leyfð afnot af eign annars manns, sem honum séu bagalaus. Það sé fram komið og sé samræmd skoðun þeirra matsmanna, sem fjallað hafa um mál þetta, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, svo neinu nemi, við jarðrask við efnistöku í Fagrafelli og Stampagili. Haldi stefndi því og fram, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna sjálfrar töku efnisins, þar sem það sé og hafi verið þeim verðlaust, og ekki hafi þeir heldur orðið fyrir fjárhagstjóni vegna jarðrasks við efnistöku. Því hljóti þeir að gjalda þeirrar takmörkunar eignarréttarins, sem fram komi í 59. gr. vegalaga nr. 71/1963 og síðari lögum um sama efni. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að mikill hluti krafna stefnenda sé fyrndur. Samkvæmt 63. gr. vegalaga nr. 71/1963 og samhljóða ákvæðum yngri vegalaga skuli krefjast

skaðabóta, er af vegagerð og vegaviðhaldi leiðir, innan árs, frá því að verk það var unnið, sem skaðanum olli. Sé meginforsenda fyrningarákvæðis þessa sú óvissa og sönnunarerfiðleikar, sem upp komi, þegar eldri kröfur komi til álita. Bóta fyrir efnistöku í Fagrafelli hafi fyrst verið krafist vorið 1964. Til álita komi því eingöngu bætur fyrir malartöku frá árinu 1963 til ársins 1969 að báðum árum meðtöldum. Stefndi hafi ekki látið starfsmenn sína mæla efnismagn, sem tekið var úr Fagrafelli og Stampagili fram til ásloka 1964, þar sem engin krafa um bætur hafi komið fram fyrr en það ár og því ekki um það hirt að halda saman tölum um efnismagn. Undirmatsmenn hafi mælt rúmtak malar, sem tekin var á tímabilinu 1959 til 1963 að báðum árum meðtöldum og hafi þeim talist svo til, að það væri samtals 12.700 m³, eða 2540 m³ að meðaltali á ári. Ekki sé vitað með vissu, hve mikið magn var tekið árið 1963, en samkvæmt mælingum undirmatsmannanna hafi meðaltalstaka malar verið 2540 m³ það ár. Árið 1964 muni engin mól hafa verið tekin, en árin 1965 til 1969 hafi verið teknir samtals 13850 m³. Við ákvörðun bóta fyrir malartöku í Fagrafelli beri samkvæmt þessu að miða við það tjón, sem hlotist hafi við töku á 16390 m³ (2540 + 13850) af mól, en ekki 26550 m³, eins og stefnendur geri kröfu til. Þá kemur fram af hálfu stefnda, að byrjað hafi verið á grjótnámi í Stampagili á árinu 1949 með samþykki þáverandi landeiganda. Krafa um bætur fyrir það hafi fyrst komið fram í bréfi, dags. 24. apríl 1965. Því sé fallinn niður réttur til skaðabóta fyrir grjót, sem tekið var fyrir 24. apríl 1964. Undirmatsmenn hafi mælt rúmtak grjóts, sem tekið hafi verið á tímabilinu 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum, og hafi þeim talist til, að það væri samtals 11300 m³, eða 700 m³ á ári að meðaltali. Árið 1964 hafi því að líkindum verið teknir 700³ og árin 1965 til 1969 samtals 9100 m³. Við ákvörðun bóta fyrir grjótnám beri því að miða við það tjón, sem hlotist hafi við töku 9800 m³ (700 - 9100) af grjóti, en ekki 20300 m³, eins og stefnendur geri kröfu til. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að ekki verði byggt á undirmatsgerð og yfirmatsgerð, sem fyrir liggja í málinu, því þær séu ekki byggðar á réttum sjónarmiðum. Er því einnig haldið fram, að ekki verði byggt á niðurstöðu matsnefndar eignarnámsþola, það mat nefndarinnar sé ekki byggt á réttum sjónarmiðum og niðurstaðan því ekki í neinu samræmi við verðmæti jarðefnanna. Fram sé komið, að mölin úr Fagrafelli þyki ekki henta til annars en vegagerðar, og þá einungis þegar búið sé að blanda hana öðru efni, þar sem hana skorti slitstyrkleika. Mölin sé því ekki markaðsvara á öðru sviði og þó að hún væri góð til annarra nota, væri samt sem áður ekki um solumöguleika að ræða sökum staðsetningar námunnar utan markaðssvæða. Jafnvel þótt ekki verði fallist á þessi rök og efnið talið verðmætt í sjálfu sér, þá beri stefnendum samt sem áður ekki bætur fyrir efnistöku stefnda, því ótæmandi magn sé enn eftir til nytja fyrir stefnendur,

ef sölumöguleikar eru fyrir hendi. Þá er því haldið fram, að um aðrar mögulegar nýttar af landinu en hugsanlegt efnisnám sé ekki að ræða sökum þess, að náman sé hátt í gróðurlausri brattri hlið Fagrafells. Að því er varðar grjótnámið í Stampagili þá er því haldið fram, að yfriborð landsins hafi verið lítt grónir flagmóar, sem hafi alls ekki verið vænlegir til ræktunar, en almennur markaður fyrir grjót sé ekki fyrir hendi þarna. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hagur stefnda af því að þurfa ekki að flytja efni í vegarstæðið um lengri veg geti verið forsenda fyrir ákvæðum bótafjárhæðar. Samkvæmt 59. gr. vegalaga og almennum reglum bótaréttar sé það tjón landeigenda, sem eigi að bæta, ef tjón er fyrir hendi, og eigi hagnaður eignarnema ekki að hafa nein áhrif á þá ákvörðun. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verð það, sem matsnefndin byggir niðurstöðu sína á, sé framreiknað til verðlags í dag, sé það tvöfalt hærra en verð það, sem stefndi hafi greitt fyrir sams konar jarðefni á markaðssvæðum í grennd við þéttbýlissvæði snemma á þessu ári. Komi þetta raunar fram í úrskurði nefndarinnar í öðru máli. Með hliðsjón af breyttu verðlagi greiði stefndi nú kr. 4.00 - 20.00 fyrir hvern rúmmetra af mól í næsta nágrenni þéttbýlissvæða, en kr. 1.30 - 5.30 fyrir hvern rúmmetra af skertu landi utan markaðssvæða. Sé því ljós, hversu fráleitir kröfur stefnenda séu, enda verði bætur fyrir jarðefni þau, sem tekin voru í landi stefnenda, ekki með neinum rökum borin saman við verð jarðefna í næsta nágrenni við markaðssvæði Stór-Reykjavíkur, þar sem veruleg eftirspurn sé fyrir slík efni og verð þeirra ráðist af framboði og eftirspurn.

Þá kemur fram af hálfu stefnda, að á árinu 1968 hafi stefndi lagt veg á sinn kostnað að malarnámu í Fagrafelli og hafi kostnaður við vegarlagninguna numið kr. 78.500.00 á verðlagi þess tíma, en ef kostnaður þessi sé færður til verðlags og annars vegar við byggingarvísitölu júní 1968 og hins vegar í janúar 1979, þá samsvari hann kr. 1.212.000.00. Sé það krafa stefnda, ef talið verði, að stefnendum beri bætur fyrir efnistöku í landi Neðra-Dals, að þá eigi kostnaður við lagningu vegar, sem teljist eign stefnenda, að koma til frádráttar bótum samkvæmt framangreindu sjónarmiði og sé þá vafalaust, að allt það tjón, sem stefnendur kunna að hafa orðið fyrir við töku stefnda á mól í Fagrafelli og grjóts í Stampagili, sé að fullu bætt og vel það.

Með dómi Hæstaréttar 12. febrúar 1973 var matsgerðum þeim, sem fram höfðu komið í málinu, vikið til hliðar og stefnendum gefinn kostur á að láta meta að nýju bætur fyrir efnistöku stefnda samkvæmt ákvæðum laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Matsnefnd samkvæmt 2. gr. laganna hefur metið bætur, og hefur sú matsgerð verið rakin hér að framan. Í matinu eru bætur fyrir hluta jarðefnanna miðaðar við staðgreiðslu 1. janúar 1964, en að öðru leyti eru bæturnar miðaðar við greiðslu 1. janúar

1970. Ekki verður fallist á það sjónarmið stefnda, að samkvæmt grundvallarsjónarmiðum í vegalögum frá upphafi hafi stefnda verið heimilt að taka jarðefni úr landi stefnenda til vegalagningar og vegaviðhalds án bóta. Þá verður ekki fallist á það með stefnda, að jarðefni þau, sem fjallað er um í málinu, verði þegar af þeirri ástæðu að teljast verðlaus, að stefndi sé nánast eini aðilinn, sem hafi áhuga á að nýta þessi efni, enda má í því efni líta til þess, að efnistakan hefur óhjákvæmilega í för með sér vissar eignakvaðir. Það er ósannað, að fyrri eigandi jarðarinnar Neðra-Dals hafi veitt samþykki sitt til efnistöku stefnda, sem falið hafi í sér afsal bótakrafna úr hendi stefnda. Starfsmenn stefnda létu ekki mæla efnismagn það, sem tekið var fram til ársloka 1964. Var það ekki fyrr en matsmenn mældu efnismagn þetta við undirbúning undirmats. Þykir þetta valda því, að krafa stefnenda um bætur fyrir efnismagn það, sem tekið var fram til ársloka 1964, sé ekki fallin niður fyrir fyrningu.

Það verður að telja grundvallarreglu við ákvörðun eignarnámsbóta að miða við staðgreiðslu, er eignarnámsmati lýkur, enda séu bætur þá greiddar, en eins og áður er rakið, er í mati matsnefndar eignarnámsbóta í máli þessu miðað við staðgreiðslu fyrir hluta jarðefnanna 1. janúar 1964 og hinn hlutann 1. janúar 1970. Af þessum sökum ber að miða bætur til stefnenda við núverandi verðlag. Á hinn bóginn verður ekki talið, að í umræddu mati hafi verið tekið nægilegt tillit til þess, að ekki hefur verið sýnt fram á, að til sé að dreifa almennum markaði fyrir þessi efni. Er sú niðurstaða dómsins studd upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu um verðlagningu sams konar eða svipaðra jarðefna í frjálsum samningum. Samkvæmt þessu þykja bætur til stefnenda fyrir efnistöku þá, sem fjallað er um í málinu, hæfilega ákveðnar kr. 1.100.000.00. Hefur þá verið tekið tillit til þess, að stefndur eiga rétt á nokkrum vöxtum frá réttum gjalddögum bóta, enda þótt bætur séu miðaðar við núverandi verðlag. Með hliðsjón af kröfugerð stefnenda verður stefnda gert að greiða 27% ársvexti af þessari fjárhæð frá deginum í dag að telja til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 700.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi og Gauki Jörundssyni prófessor.

D ó m s o r ð:

Stefndi, vegamálastjóri f. h. Vegagerðar ríkisins, greiði stefnendum, eigendum jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi, kr. 1.100.000.00 með 27% ársvöxtum frá 21. mars 1980 til greiðsludags og kr. 700.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.